



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til umsagnaraðila.

3. febrúar 2015

Tilvísun: 2013020054

Efni: Drög að leiðbeinandi tilmælum um samskipti Fjármálaeftirlitsins við ytri endurskoðendur tiltekinna eininga tengdum almannahagsmunum, umræðuskjal nr. 2/2015.

Fjármálaeftirlitið sendir hér til umsagnar drög að leiðbeinandi tilmælum um samskipti Fjármálaeftirlitsins við ytri endurskoðendur tiltekinna eininga tengdum almannahagsmunum, sbr. meðfylgjandi umræðuskjal nr. 2/2015.

Tilmælin eru sett í þeim tilgangi að setja samskipti á milli Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum í formlegan farveg.

Svo sem nánar greinir í inngangi tilmælanna eiga tilmælin einkum við um þá aðila sem teljast ofarlega í áhrifavægisflokkun Fjármálaeftirlitsins.

Þeir aðilar sem kjósa að senda umsögn um tilmælin eru vinsamlegast beðnir um að skila þeim rafrænt á meðfylgjandi umsagnareyðublaði. Umræðuskjalið og umsagnareyðublaðið má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is. Þess er óskað að umsagnir berist eigi síðar en þriðjudaginn 24. febrúar nk.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Valdimar Gunnar Hjartarson